

Samgöngustefna

.origo.

Það er stefna Origo að stuðla að því að starfsfólk noti hagkvæman og vistvænan ferðamáta til og frá vinnu. Þá leggjum við áherslu á að efla vitund viðskiptavina um leiðir til að lágmarka samgöngur sem geta haft neikvæð áhrif á umhverfið.



Origo hvetur starfsfólk til að ferðast til og frá vinnu með almenningsamgöngum og býður þeim sem nýta sér það að staðaldri að nýta samgöngustyrk til niðurgreiðslu á samgöngustrætókorti.



Origo hvetur starfsfólk til að hjóla eða ganga til vinnu, sé þess kostur og býður þeim sem nýta sér slíkan vistvænan samgöngumáta að nýta samgöngustyrk til niðurgreiðslu á útlögðum kostnaði.



Við endurnýjun á bifreiðum Origo er lögð áhersla á að kaupa hagkvæmar og vistvænar bifreiðar.



Starfsfólk Origo leggur áherslu á að kynna fyrir viðskiptavinum tækninýjungar eins og fjarfundabúnað og efla þannig vitund þeirra um mikilvægi þess að lágmarka neikvæð áhrif óvistvænna samgangna á umhverfið.

Starfsfólk sem gerir samning um samgöngustyrk skuldbindur sig til að nýta sér vistvænar samgöngur a.m.k. þrjá til fjóra daga í viku til og frá vinnu.